



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**622. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 2. febrúar 2026
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Orri Björnsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla - 2512004

Brúum umönnunarbilið - skýrsla og tillögur aðgerðahóps sem skipaður var af forsætisráðherra var gefin út í desember 2025. Henný Hinz formaður aðgerðahópsins kynnir skýrsluna, helstu niðurstöður hennar og tillögur.

Gestir

Henný Hinz formaður aðgerðahóps ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræður. Skrifstofu SSH er falið að vekja athygli aðildarsveitarfélaganna á skýrslunni og senda þeim hana til kynningar og umræðu.

Stjórn SSH telur mjög mikilvægt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eða fulltrúar þeirra séu kölluð að borðinu við þessa vinnu og er farið fram á það við Samband íslenskra sveitarfélaga að það verði gert. Þá leggur stjórn SSH áherslu á að tillögur skýrslunnar séu skoðaðar og ígrundaðar mjög vel en samkvæmt skýrslunni er áætlaður mjög skammur tími til undirbúnings og viðræðna vegna þeirra.

2. Viðbragsteymi vegna ofbeldis meðal barna - 2510016

Sviðsstjórar velferðarsviða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sóttu, undir forystu Reykjavíkurborgar, um styrk til mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna stofnsetningar miðlægs bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu. Fallist hefur verið á að veita styrk að fjárhæð 240.727.235 kr., og er honum ætlað að nýtast til launagreiðsla og kaupa á sérhæfðri ráðgjöf en ekki annars kostnaðar.

Framangreint var kynnt á 617. fundi stjórnar SSH og skrifstofu SSH þá falið að taka þátt í nánari útfærslu og samningagerð í tengslum við ofangreint verkefni í samvinnu við samráðshóp á sviði velferðarmála.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Nú eru fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna og drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps. Gerð er tillaga um að þeim verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Einnig liggja fyrir drög að samstarfsyfirlýsingu vegna þátttöku Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í þessu verkefni.

Þá liggja fyrir til kynningar styrkumsókn vegna verkefnisins og styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytis við Reykjavíkurborg, dags. 6. nóv. 2025.

Rannveig Einarsdóttir kynnir. Umræður.

Gestir

Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og formaður Samráðshóps SSH á sviði velferðarmála.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og er skrifstofu SSH falið að senda fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna og drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

3. Ofanflóðahættumat - Skíðasvæðin - 2601002

Fyrirbyggjandi er bréf samstarfsnefndar skíðasvæðanna dags. 21. janúar 2026 til SSH. Er þar vísað til bókunar fundar samstarfsnefndarinnar 17. desember 2025 vegna kynningar á ofanflóðahættumati í Bláfjöllum og Skálafelli. Í bókun fundarins segir m.a.: "Þá óskar samstarfsnefndin eftir því við SSH að farið verði í vinnu við að koma til móts við ábendingar og drögin af áhættumatinu verði kynnt eigendavettvangi. Sú vinna verði kynnt fyrir samstarfsnefnd skíðasvæðanna og SSH þegar vinnan er tilbúin. Telur samstarfsnefndin mikilvægt að reglugerðin endurspegli betur starfsumhverfi skíðasvæðanna."

Er þess jafnframt óskað í bréfi samstarfsnefndarinnar að SSH taki til umfjöllunar þau atriði sem fram koma í fyrirbyggjandi drögum að ofanflóðahættumati og kynni eigendavettvangi.

Magni Hreinn Jónsson kynnir fyrirbyggjandi drög að hættumati.

Er gerð tillaga um að drögin verði send til kynningar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og að verkefnahópi um framkvæmdir á skíðasvæðunum verði falið að vinna málið áfram með tilliti til ofangreindrar bókunar.

Jafnframt þarf að auglýsa hættumatið til samræmis við reglugerð nr. 636/2009, en þar segir m.a. að viðkomandi sveitarstjórn beri ábyrgð á og annist kynningu hættumats.

Gestir

Magni Hreinn Jónsson fagstjóri ofanflóða hjá Veðurstofu Íslands.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Samþykkt.

4. Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 - 2601003

Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030 er nú til meðferðar Alþingis og hefur verið send til umsagnar en umsagnarfrestur er til 9. febrúar nk. Fyrirliggjandi eru drög að umsögn SSH um málið. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að fullgera umsögn SSH um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030 og senda til Alþingis.

5. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2026 - 2511010

Fyrirliggjandi eru drög að viðaukasamningi við samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025 - 2029. Viðaukasamningurinn tekur til 280 milljóna kr. sem skiptast jafnt milli landshlutasamtaka, og er framlag til sóknaráætlunarverkefna SSH samkvæmt honum því 35 milljónir kr. Eru drögin lögð fram til samþykktar og gerð tillaga um að framkvæmdastjóra verði falin undirritun þeirra.

Niðurstaða:

Samþykkt.

6. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Ofangreint mál var síðast til umræðu á 615. fundir stjórnar 6. október 2025 og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

"Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum, dags. ágúst 2023 var kynnt fyrir stjórn á 568. fundi. Í framhaldinu var skipaður sérstakur stýrihópur sem falið var að rýna tillögur og sviðsmyndir skýrslunnar og koma með tillögu að sviðsmynd sem best væri til þess fallin að tryggja skilvirka framkvæmd eftirlits. Einnig var stýrihópnum falið að leggja drög að innleiðingu á miðlægu umsýslukerfi sem tryggi samræmda framkvæmd við afgreiðslu umsókna og eftirlit. Vinna hópsins og hugsanlegar sviðsmyndir voru kynntar fyrir stjórn SSH á 592. fundi.

Frumvarp til að fylgja eftir tillögum stýrihópsins, sem var skilað í maí 2025, er á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar og er framlagning þess fyrirhuguð í nóvember. Samkvæmt fyrirliggjandi áformum um lagasetningu er gert ráð fyrir því að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum færist frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færist frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Matvælastofnunar. Drög að frumvarpi hafa enn ekki verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Niðurstaða fundar:

Umræður. Umræður um þennan lið verða teknar upp að nýju þegar boðuð frumvarpsdrög liggja fyrir."



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum liggja nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda en umsagnarfrestur er til 17. febrúar nk.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Frekari umræðum frestað.

7. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2511007

Á 619. fundi stjórnar SSH hinn 1. desember 2025 var framkvæmdastjóra falið að senda erindi til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga þar sem áréttuð væri nauðsyn þess að taka um formlegar viðræður við ríkið um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks. Það erindi var sent 9. desember 2025. Erindið var tekið fyrir á fundi stjórnar Sambandsins 12. desember 2025 og fyrir liggur bréf framkvæmdastjóra Sambandsins, dags. 18. desember 2025, um umfjöllun þess fundar um málið.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.